



## Minnisblað

---

### UM samábyrgð/keðjuábyrgð verktaka í ljósi fyrirhugaðrar innleiðingar á tilskipun 2014/67/EU í íslenskan rétt

Málsnúmer: 201510-0006

Frá: Halldór Oddsson / Halldór Grönvold

Dags: 11. apríl 2016

#### I.

ASÍ telur afar brýnt að við innleiðingu tilskipunar 2014/67/EU í íslenskan rétt sammælist aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld um að innleiða samábyrgð/keðjuábyrgð (e. Subcontracting Liability) verktaka á íslenskum vinnumarkaði. ASÍ hefur fengið sterkar vísbendingar þess efnis að undirboð fari vaxandi á íslenskum vinnumarkaði, ekki síst hjá erlendum fyrirtækjum sem koma með starfsmenn sína hingað til lands og tengjast stórum samningskeðjum verktaka á byggingamarkaði og við aðrar verklegar framkvæmdir. Af þeim ástæðum er nauðsynlegt að tryggja að fyrirtæki komi sér ekki undan skyldum sínum og samfélagslegri ábyrgð og því brýnt að styrkja og setja skýrar reglur sem styrkja samkeppnisstöðu samfélagslegra ábyrgra fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og vilja standa skil á launum, sköttum og öðrum gjöldum og sem eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.

Samábyrgð/keðjuábyrgð verktaka má skilgreina á þann hátt að hún feli í sér kerfi þar sem aðilar eru tengdir á beinan eða óbeinin hátt með samnings sambandi bera sameiginlega ábyrgð á réttum samfélagslegum efndum hvors annars. Með samfélagslegum efndum er átt við að rétt laun séu greidd og vörslufé eins og t.d. sköttum og lífeyrисиðgjöldum sé skilað á réttan stað. ASÍ telur að slíkt kerfi væri mikilvægt framlag til að að viðhalda og treysta hér á landi heilbrigðum vinnumarkaði og samkeppnisstöðu heiðarlegra fyrirtækja og takmarka kennitölufلاك og aðra brotastarfsemi í íslensku atvinnulífi.

#### II.

Í framangreindu ljósi hefur ASÍ tekið saman yfirlit yfir þau samábyrgðar/keðjuábyrgðar-kerfi sem eru við líði í öðrum ríkjum sem tilheyra



EES.<sup>1</sup> Sérstaklega verður svo sjónum beint að Noregi og Svíþjóð og þau kerfi reifuð í ljósi þess að uppbygging vinnumarkaðar þar er líkust því sem er hér á landi. Annars vegar kerfi sem er innleitt með lögum. Hins vegar kerfi sem innleitt er með samningi aðila vinnumarkaðarins.

Kerfi samábyrgðar/keðjuábyrgðar sem eru til staðar í öðrum löndum eru í raun jafn misjöfn og þau eru mörg. Sum taka á takmörkuðum þáttum er varða hagsmuni starfsmanna á meðan önnur eru mun almennari og taka bæði á hagsmunum starfsmanna og skilum á vörslufé. Þá eru þau mis víðtæk í þeim skilningi að sum taka til allrar keðjunnar ef svo má segja, önnur taka bara til beins samningssambands og enn önnur taka bara til ákveðinnar atvinnustarfsemi s.s. byggingastarfsemi og verklegra framkvæmda. Almenn kerfi á einkaréttarlegum markaði er varða launakjör, ef svo má segja, eru til staðar í 9 ríkjum EES svæðisins. Nýjasta viðbótin þar er Svíþjóð eins og rakið verður síðar. Kerfi þessi eru ýmist sett á stofn með lögum eða kjarasamningum og ná til mismikið af launakjörum. Flest þeirra taka líka til launatengdra gjalda og svo eru líka til kerfi sem kveða í raun ekki á um ábyrgð, heldur er upplýsingaskylda á aðalverktaka og/eða verktaka um ákveðna þætti eins og skattskil og ef þeirri skyldu er ekki sinnt eru viðkomandi aðilar refsað fyrir að sinna ekki upplýsingaskyldunni frekar en að vera með beinum hætti ábyrgir fyrir greiðslunum eins og hefðbundinn skilningur á ábyrgð felur í sér.

Jafnframt eru til kerfi sem kveða á um ábyrgð á afmörkuðum þáttum sem jafnframt sækir stoð sína í réttargerðir ESB. Nánar tiltekið er um að ræða annars vegar tilskipanir nr. 89/391/EEC<sup>2</sup> og 92/57/EEC<sup>3</sup> sem varða vinnuvernd en 17 ríki innan EES svæðisins hafa valið að innleiða þær með þeim hætti að kveðið sé á um víðtæka ábyrgð í verktakakeðjum er varðar öryggi á vinnustöðum og þá sérstaklega byggingastöðum. Hins vegar er svo um að ræða tilskipun nr. 2009/52/EC<sup>4</sup> þar sem kveðið er á með sérstökum hætti að verkkaupi beri ábyrgð á því að undirverktakar hans notist ekki við ólöglegt vinnuafli.

---

<sup>1</sup> Umfjöllunin í þessum lið byggir á skýrslu frá 2012 sem Framkvæmdastjórn ESB lét vinna fyrir sig. (*Study on the protection of workers' rights in subcontracting processes in the European Union.* – höf: Yves Jorens, Saskia Peters og Mijke Houwerzijl.)

<sup>2</sup> Directive 89/391/EEC of 12 June 1989 on the introduction of measures to encourage improvements in the safety and health of workers at work. – innleidd í ísl. rétt

<sup>3</sup> Directive 92/57/EEC of 24 June 1992 on the implementation of minimum safety and health requirements at temporary or mobile construction sites. – innleidd í ísl. rétt

<sup>4</sup> Directive 2009/52 of 18 June 2009 providing for minimum standards on sanctions and measures against employers of illegally staying third-country nationals. – ekki innleidd í ísl. rétt



### III.

Í ársbyrjun 2010 tóku í gildi í Noregi lög um keðjuábyrgð sem tilheyra almennu vinnumarkaðslöggjöfnum (n. Almenngjöringsloven). Löggjöfin tekur til allra atvinnugreina þar sem kjarasamningar hafa fengið almennt gildi (ergo omnes áhrif). Reglurnar virka þannig að launamaður sem telur sig ekki hafa fengið þau laun eða önnur kjör sem hann á rétt á skv. viðeigandi kjarasamningi getur innan þriggja mánaða frá gjalddaga snúið sér til hvers sem er í verktakakeðjunni og krafist greiðslu frá honum. Sé greiðandi annar en atvinnurekandi viðkomandi eignast sá endurkröfu á atvinnurekanda kröfuhafa vegna þess sem greitt er. Kröfur sem verða til vegna gjaldþrots eru undanþegnar en verði gjaldþrot atvinnurekanda eftir að einhver annar í verktakakeðjunni hefur greitt út kröfuna skv. lögnum eignast atvinnurekandinn endurkröfu sem því nemur á ábyrgðasjóð launa.

### IV.

Á seinni hluta árs 2014 tók í gildi í Svíþjóð samkomulag sænskra byggingamanna (Byggnads) við samtök fyrirtækja í byggingaiðnaði þar í landi. Samkomulagið sem hefur stöðu kjarasamnings setur á fót keðjuábyrgðarkerfi sem byggir alfarið á einkaréttarlegum grunni. Aðildarfyrirtæki sænsku samtaka fyrirtækja í byggingaiðnaði greiða iðgjald í sjóð sem á að standa undir þeim kröfum sem til geta orðið vegna yfirlýsingar þeirra um að þau ábyrgist réttar launagreiðslur undirverktaka sinna. Mál sem koma upp er þá skotið til sérstakrar nefndar sem aðilar vinnumarkaðarins fara fyrir og úrskurða um réttmæti krafanna. Til viðbótar við þetta og jafnframt til að tryggja virkni samkomulagsins þá kveður samkomulagið á um víðtæka upplýsingaskyldu verktaka til stéttarfélaga um þá undirverktaka sem þeir notast við.

### V.

Hér hefur verið farið með almennum hætti yfir þá möguleika sem eru í stöðunni og þau kerfi sem til staðar eru núna. Eins og áður hefur komið fram eru þau kerfi samábyrgðar/keðjuábyrgðar sem eru í gangi eins misjöfn og þau eru mörg sem skýrist væntanlega af tíðarandanum og ólíkum aðstæðum ríkja EES. Hins vegar má fullyrða að þau kerfi þar sem vandað hefur verið til verka hafa haft mikið



forvarnargildi og virkað vel í baráttunni gegn undirboðum á vinnumarkaði og þá að sama skapi í baráttunni fyrir heiðarlegu samkeppnisumhverfi atvinnulífsins.

## VI.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að lögleidd verði samábyrgð/keðjuábyrgð í íslenskan rétt. Lagt er til að þegar verði hafin vinna af hálfu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við að undirbúa slíka löggjöf með það að markmið að hún geti tekið gildi í síðasta lagi í ársbyrjun 2017. Í þeirri vinnu verði m.a. fjallað um og svarað eftirtöldum spurningum (hér eru álitamálin alls ekki tæmandi talin):

1. Með hvaða hætti á samábyrgðin/keðjuábyrgðin að vera. Þ.e. á hún að ná til hluta þeirra fyrirtækja sem eru í keðjunni (allra fyrirtækja fyrir ofan í keðjunni, aðalverktaka og/eða verkkaupa, eða einungis næsta fyrirtækis fyrir ofan) eða á ábyrgðin að ná til allra í keðjunni eins og í norsku löggjöfinni.
  - a. Verði ákveðið að skoða frekar þá leið að aðeins það fyrirtæki sem er ofar í keðjunni beri ábyrgð þarf að fjallað sérstaklega um það hvernig megi koma í veg fyrir að fyrirtæki víki sér undan ábyrgð með því að stofna/bæta inn í keðjuna gervi-/málamyndafyrirtækjum.
2. Á að takmarka þá atvinnustarfsemi sem samábyrgðin/keðjuábyrgðin nær til og þá hvernig og við hvaða atvinnustarfsemi?
3. Til hvaða þátta á samábyrgðin/keðjuábyrgðin að ná og hversu langt aftur í tíman á hún að gilda?
  - a. Öll laun og önnur starfskjör starfsmanna skv. kjarasamningi (og ráðningarsamningi), eða aðeins hluta þeirra?
  - b. Alls vörslufjár eins og t.d. sköttum og lífeyrisiðgjöldum, eftir því sem við á eða aðeins að hluta og þá hvers?
4. Hver á rannsóknar- og upplýsingaskylda aðalverktaka, eða þeirra sem eru ofar í keðjunni en viðkomandi undirverktaki, að vera og gagnvart hverjum og hver eiga viðurlögin við að bregðast þeim skyldum að vera?
5. Í hvaða löggjöf á samábyrgðin/keðjuábyrgðin best heima?



Meðfylgjandi:

1. Lov om endringer i almenngjøringsloven m.m. (solidaransvar mv.)
2. Joint and several liability of contracting entities: fact sheet útgefið af norska vinnumarkaðseftirlitinu (Arbeidstilsynet) Fylgir aftan við 1.
3. Kjarasamningur Sveriges Byggindestrier og Svanska Byggnadsarbetareförbundet um samábyrgð/keðjuábyrg í byggingaiðnaði.